

Hnoðraból – Rauða deild

Söngtextar



Efnisyfirlit

Sungið með öllum	3
Brunabíllinn	4
Trölli Rölli og Ljónsi Flónsi	4
Fiskarnir tveir	5
Ramm samm samm	5
Fimm litlir apar:	5
Kalli litli kónguló	6
Dúkkan hennar Dóru	6
Ding dong	6
Halló krakkar.....	6
Allur matur	7
Litalagið	7
Með sól í hjarta.....	7
Í leikskóla er gaman.....	7
Uppi á grænum, grænum, himinháum hól.....	7
Druslan	8
Afi minn og amma mín	8
Sungið með eldri hópnum	8
Halli á grúfunni	8
Krummi krunkar úti	8
Frost er úti	8
Alli, Palli og Erlingur.....	9
Siggi var úti	9
Bjarnastaðabeljurnar.....	9
Gráðug kerling	10
Búddi fór í bæinn	10
BÁTASMIÐURINN.....	10
Hér búálfur á bænum er.....	11
Dýravísur.....	11
Dagarnir	11
Dansi, dansi dúkkan mín.....	11
Hér koma Hnoðrabólskrakkar	12
Hreyfileikir	12
Við klöppum öll í einu.....	12
Hreyfa, frjósa.....	12

Höfuð herðar hné og tær	12
Fyrst á réttunni	13
Tvö skref til hægri	13
Upp, upp, upp á fjall,	13
pulur	13
Klappa saman lófunum	13
Fingrapula	14
Fingurnir	14
Krumminn á skjánum	14
Buxur, vesti, brók og skó	15
Úllen, dúllen doff	15
Ugla sat á kvisti	15
Kanntu brauð að baka?	15



Sungið með öllum

Brunabíllinn

Ba, bú, ba, bú,

brunabíllinn flautar.

Hvert er hann að fara?

Vatn á eld að sprauta.

ts-s-s-s-s (beina fingri eins og vatnsslöngu að sprauta)

Gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá,

mjálmar gráa kisa.

Hvert er hún að fara?

Út í skóg að ganga.

ussssssssss (leggja fingur að munni og sussa)

Skógarþröst að fanga.



Bí, bí, bí, bí,

Skógarþröstur syngur.

Hvert er hann að fara?

Burt frá kisu flýgur.

ff-ff-ff-ff (blaka höndunum eins og vængjum)

Loftin blá hann smýgur.

Trölli Rölli og Ljónsi Flónsi

Hátt upp í fjöllunum þar búa tröllin.

Tröllapabbi, tröllumamma og litli Trölli Rölli.

Bú, sagði tröllapabbi.

Bú, sagði tröllumamma.

En hann litli Trölli Rölli sagði bara..

Gúggú!

Langt inní skóginum þar búa ljónin.

Ljónamamma, ljónapabbi og litli Ljónsi Flónsi.

Wrrr segir ljónamamma,

wrrr segir ljónapabbi.

En hann litli Ljónsi Flónsi segir bara..

mjáááááááá



Hátt uppá loftinu þar búa draugarnir.

Draugamma, draugapabbi og litli Vasaklútur.

Úú sagði draugamamma.
Úú sagði draugapabbi.
En hann litli Vasaklútur sagði bara..
aaatsjú!

Fiskarnir tveir

Hafi þið heyrt söguna um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo,
þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: vatnið er kalt.
Baba, búbú baba, bú- baba, búbú, baba bú.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: vatnið er kalt.



Annar hét Gunnar og hinn hét Geir.
Þeir voru pínulitlir báðir tveir,
þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: vatnið er kalt.
bababúbú baba bú.....


Ramm samm samm

;,:Aa ramm samm samm;,
Gúllí gúllí gúllí gúllí
gúllí ramm samm samm
;,:Aa ramm samm samm;,
Gúllí gúllí gúllí gúllí
gúllí ramm samm samm
;,:Hér er ég, hér er ég
Gúllí gúllí gúllí gúllí
gúllí ramm samm samm;,:



Fimm litlir apar:

Fimm litlir apar sátu uppi' í tré,
þeir voru' að stríða krókódíl:
„Þú nærð ekki mér!“
Þá kom hann herra Krókódíll
svo hægt og rólega og ... amm!
Endurtekið: Fjórir litlir..., þrjár litlir..., tveir litlir..., einn
lítill api...



Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló klifraði upp á vegg
þá kom rigning og Kalli litli féll.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp,
Kalli litli kónguló klifraði upp í topp.



Dúkkan hennar Dóru

Dúkkan hennar Dóru var með sótt, sótt, sótt.
Hún hringdi á lækni og bað að koma fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom með sína tösku og sinn hatt,
og hann bankaði á hurðina, rattatatata.
Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus.
“Hún strax skal í rúmið og ekkert raus”
Hann skrifaði á miða hvaða lyf hún skildi fá.
“Ég kem aftur á morgun ef hún er enn veik þá”



Ding dong

„Ding dong,“ sagði lítill grænn froskur einn dag.
„Ding dong,“ sagði lítill grænn froskur.
„Ding dong,“ sagði lítill grænn froskur einn dag
og svo líka „ding dong spojojojoho.“

„Mm õõ,“ sagði lítill græn eðla einn dag.
„Mm õõ,“ sagði lítill græn eðla.
„Mm õõ,“ sagði lítill græn eðla einn dag
og svo líka „mm unn ununununun.“

„King kong,“ sagði stór svartu api einn dag.
„King kong,“ sagði stór svartur api.
„King kong,“ sagði stór svartur api einn dag
og svo líka „king kong ohohohohoh.“



Halló krakkar

Halló „nafn“ (gerum táknið þeirra með)
Halló „nafn“
Halló „nafn“
og velkomin/nn í dag




Allur matur

Allur matur á að fara,
upp í munn og ofan í maga.
Heyrið það, heyrið það,
svo ekki gauli garnirnar.



Litalagið

Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.
Brúnn, bleikur, banani,
appelsína talandi.
Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.



Með sól í hjarta

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn
kakó hitum og eldum graut.



Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,
þar leika allir saman.
Leika úti og inni
og allir eru með.
Hnoða leir og lita,
þið ættuð bara að vita,
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.

Uppi á grænum, grænum, himinháum hól

Uppi á grænum, grænum, himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu, bom, bom, bombo-rombom-bom,
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl
hann miðaði í hvelli,
en hann hitt bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.



Druslan

Við setjum svissinn á
og við kúplum gírnum frá,
það er startað og druslan fer í gang.
Drunn! drunn!
Það er enginn vandi að aka bifreið,
ef að maður bara kemur henni í gang,
drunn! drunn!



Afi minn og amma mín

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa,
þau eru bæði þæg og fín,
þangað vil ég fljúga.



Sungið með eldri hópnum

Halli á grúfunni

Haldið ekki að Halli komi á grúfunni,
á heljarstökki fram af einni þúfunni.
Hann fór það bara fínt, en hélt hann hefði týnt
gleraugunum, höfðinu eða húfunni.



Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti, kallar á nafna sinn.
Ég fann höfuð af hrúti, hrygg og gæruskin.
Komdu nú og kroppaðu með mér, krummi nafni minn.
Komdu nú og kroppaðu með mér, krummi nafni minn.



Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt,
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik,
ég ætla að flýta mér.
Að biðja hana mömmu mína,
um mylsnu handa þér.

Alli, Palli og Erlingur

Alli, Palli og Erlingur þeir ætla að fara að sigla.
Vantar vænan bát, en vita afbragðs ráð
þeir fundu gamalt þvottafat, sem farið var að mygla.
Sigla út á sjó og syngja hæ hæ hó.
Seglið var úr afar stórum undirkjól,
mastið, það var skófluskaft og skútan lak og valt
og hæ og hó, og hæ og hí
en skítt með það, við skulum komast fyrir því.



Alli vildi ólmur til Ameríku fara
en Palli sagði: "Portúgal er prýðis land".
"Ertu frá þér Palli, nú ætlum við að spara
siglum beint og stefnum beint á Grænlandssand".
"Ertu frá þér Erlingur, þú ert að fara í kaf
hatturinn þinn fýkur af og feykist út á haf".
og hæ og hó, og hæ og hí
en skítt með það, við skulum komast fyrir því.


Siggi var úti

Siggi var úti með ærnar í haga,
allar þær stukku suður í mó.
Smeykur um holtin var hann að vaga,
vissi' hann að lágfóta dældirnar smó.
:,: Agg, gagg, gagg, sagði tófan á grjóti.:,:
Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.
Greyið hann Siggi, hann þorir ekki heim.



Bjarnastaðabeljurnar

Bjarnastaðabeljurnar þær baula mikið núna
þær er'að verða vitlausar það vantar eina kúna
það gerir ekkert til, það gerir ekkert til
hún kemur fyrir miðnætursbil



Gráðug kerling

Gráðug kerling
hitaði sér vellings
og borðaði, namm, namm, namm,
síðan sjálf jamm, jamm, jamm,
af honum heilan helling.



Svangur karlinn
varð alveg dolfallinn
og starði svo sko, sko, sko,
heilan dag o, ho, ho,
ofan í tóman dallinn.
Aumingja kallinn.

Búddi fór í bæinn

Búddi fór í bæinn
og Búddi fór í búð.
Búddi sat á torginu
og var að éta snúð.
Þá kom löggumann,
og hirti hann
og stakk honum ofan í rassvasann.



BÁTASMIÐURINN

Ég negli og saga
og smíða mér bát
og síðan á sjóinn
ég sigli með gát.

Og báturinn vagnar
og veltist um sæ.
Ég fjörugum fiskum
með færinu næ.



Hér búálfur á bænum er

Hér búálfur á bænum er
á bjálkalofti í dimmuni.
Hér búálfur á bænum er
á bjálkaloftinu.

Hann stappar fótum, hoppar hátt
og haframjölið étur hrátt.
hér búálfur á bænum er
á bjálkaloftinu.



Dýravísur

Hani, krummi, hundur, svín
hestur, mús, tittlingur.
Galar, krunkar, geltir, hrín
Gneggjar, tístir, syngur.

Dagarnir

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur, fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur,
og þá er vikan búin.



Dansi, dansi dúkkan mín

Dansi, dansi dúkkan mín.
Dæmalaust er stúlkan fín.
Voða fallett hrokkið hár,
hettan rauð og kjóllinn blár.
Svo er hún með silkiskó,
sokka hvíta eins og snjó.
Heldurðu' ekki' að hún sé fín?
Dansi, dansi dúkkan mín.



Hér koma Hnoðrabólsskrakkar

(Hér koma Skoppa og Skríttla)
Hér koma Hnoðrabólsskrakkar,
syngjandi með bros á vör.
Í ævintýri saman flakka
við lífsins gátum finna svör.
Sendum óskir á flug,
vísum leiða á bug,
hllökkum til hvers einasta dags.
Hann er bjartur og nýr,
með sín ævintýr,
frá morgni til sólarlags.



Hreyfileikir

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
það líkar okkur best.

*Leiklýsing: Allir syngja lagið og klappa taktinn.
Svo er bætt við erindum, næst má
t.d. stappa, síðan hoppa o.s.frv.*



Hreyfa, frjósa

Hreyfa litla fingur, hreyfa litla fingur
Hreyfa litla fingur og frjósa eins og skot.

Endurtekið fyrir:

Lítinn nebba.

Lítinn maga.

Litla rassa o.s.frv.

Höfuð herðar hné og tær

Höfuð herðar hné og tær, hné og tær
Höfuð herðar hné og tær, hné og tær
Augu, eyru munnur og nef
Höfuð, herðar hné og tær, hné og tær.



Fyrst á réttunni

Fyrst á réttunni
svo á röngunni
tjú, tjú, trallalla.
Fyrst á réttunni
svo á röngunni
tjú, tjú, trallalla
trallalalallala
trallalalallala



Tvö skref til hægri

Tvö skref til hægri
og tvö skref til vinstri.
Beygja arma, rétta arma,
klappi, klappi, klapp.
Hálfan hægri hring,
hálfan vinstri hring.
Hné og magi, brjóst og enni,
klappi, klappi, klapp.

Upp, upp, upp á fjall,

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
alveg niðr á tún.



Þulur

Klappa saman lófunum

Klappa saman lófunum,
reka féð úr mounum,
tölta' á eftir tófunum,
tína egg frá spóunum.

Klappa saman lófunum,
reka féð úr mounum,
vinna sér inn bita,
láta' ekki' hann pabba vita.



Fingrapula


Þumalfingur er mamman,
sem var mér vænst og best.
Vísifingur er þabbinn
sem gaf mér rauðan hest.
Langatöng er bróðir
sem býr til falleg gull.
Baugfingur er systir
sem prónar sokka úr ull
Litli fingur er barnið
sem leikur að skel
litli þínu anginn sem dafnar svo vel
Hér er allt fólkið svo fallett og nett.
Fimm eru í bænum ef talið er rétt.
Ósköp væri gaman hér í þessum heimi,
ef öllum kæmi saman jafn vel og þeim.

Fingurnir

Þumalfingur, þumalfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.
Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.
Langatöng, langatöng, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.
Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.
Litli fingur, litli fingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Krumminn á skjánum

Krumminn á skjánum,
kallar hann inn:
“gef mér bita’af borði þínu,
bóndi minn!”
Bóndi svara býsna reiður:
“Burtu farðu, krummi leiður.
Líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu’ á tánnum,
Krumminn á skjánum.”



Buxur, vesti, brók og skó

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka, nýta,
húfu-tetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.



Úllen, dúllen doff

Úllen dúllen doff
kikki lani koff
koffi bani kikki lani
úllen dúllen doff.

Ugla sat á kvisti

Ugla sat á kvisti,
átti börn og missti
eitt, tvö, þrjú
og það varst þú
sem ert úr!

Kanntu brauð að baka?

Kanntu brauð að
baka?
Já, það kann ég.
Svo úr því verði kaka?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?
Kanntu mat að sjóða?
Já, það kann ég.
Og gestum heim að bjóða?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?
Kanntu ber að tína?
Já, það kann ég.
Stoppa í sokka mína?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?
Kanntu að sjóða fiskinn?
Já, það kann ég.



Og færa hann upp á diskinn?

Já, það kann ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að vagga barni?

Já, það kann ég.

Þrjóna sokka úr garni?

Já, það kann ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Sérðu hér er hringur?

Já, það sé ég.

Ég set hann á þinn fingur?

Já, það vil ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Prestinn mun ég panta.

Já, það vil ég.

Því hann má ekki vanta.

Nei, það skil ég.

Ertu nú alveg viss um?

Já, það er ég.

Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Ef þú vilt komast í álfanna heim

Ef þú vilt komast í álfanna heim

eru nokkrar reglur þarft að fylgja þeim.

Settu hönd undir höku og hallaðu undir flatt

en mundu að það er skylda að hafa álfahatt.

Settu vinstrifót á loft og segðu hæ og hó!

Galaðu eins og hani segðu gaggagó!

Syngdu eins og kátir krakkar lalaló!

Öskraðu eins og gömul kona BINGÓ!

